

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. september 2025

Mál nr. E-586/2025:

**MANIA ehf.**

(Skúli Sveinsson lögmaður)

**gegn**

**LMLP slf.**

(Sigurður G. Guðjónsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta var höfðað 18. febrúar 2025 og dómtekið 9. september 2025.

Stefnandi er MANIA ehf., kt. [...], [...], [...].

Stefndi er LMLP slf., kt. [...], [...], [...].

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða honum 679.148 krónur ásamt dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 3. ágúst 2024 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda, með hliðsjón af framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda auk málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

### Ágreiningsefni og helstu málavextir:

Af hálfu stefnda eru sendir út þættir: „Podcastið, lífið með Lindu Pé“. Aðgangur að þáttunum mun vera seldur í gegnum vefsíðuna [...], sem efni úr smiðju Lindu Pé, og er einkum ætlað konum. Linda Pé er fyrirvarsmaður stefnda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Margrét Ragna Jónasardóttir, og hefur hún oft sminkað Lindu Pé, m.a. fyrir útsendingu eins af fyrrgreindum þáttum, sem tekinn var upp 29. júní 2023. Ágreiningslaust er að þá hafi þær átt samtalið um að gerð yrði upptaka þar sem Margrét kæmi fram, og upptakan verið gerð.

Í málinu liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli Lindu og Margrétar, sem hófust í desember 2023. Í tölvupósti frá Margréti 18. desember 2023 segir: „Ég sá að þú settir myndskaið af okkur inn í prógrammið þitt. Þetta var eingöngu ætlað til útsendingar í eitt skipti. Þetta á ekki að lifa áfram. Bið þig um að fjarlægja strax.“ Í svarpósti frá Lindu degi síðar er því svarað að Margrét hafi vitað að þetta væri einn tími í námskeiðinu hjá

henni um sjálfsmynd og fegurð, og hafi alltaf átt að fara inn í prógrammið. „Útsending í eitt skipti? Veit ekki alveg hvað þú átt við með því, þetta er upptaka sem fer á innri vef prógrammsins hjá mér, og þú samþykktir að taka þátt í þessu með mér, fórst meira að segja yfir textann um þig, sem er fyrir neðan myndbandið ásamt upplýsingum um þig ef konurnar vildu bóka tíma hjá þér.“ Í svarpósti Margrétar 21. desember 2023 kemur m.a. fram að hún hafi skoðað innri vef stefnda og „sjokkerast“, eðlilegra hefði verið að semja um að setja myndbandið inn og hversu lengi það hafi átt að lifa inni í prógramminu. „Þú bókaðir mig til að koma að gera hár og förðun. Spurðir mig spontant hvort ég væri til í að vera með þér í vídió þar sem þú spyrðir mig nokkurra spurninga. Ég var ekki til þar sem ég var óundirbúin og ótilhöfð. Ef þú hefðir sagt að þetta yrði áfram inni á vefnum þá hefði ég aldrei samþykkt það.“ Í lokin biður Margrét Lindu enn um að fjarlægja myndbandið af sér.

Umdeilt myndband eða upptaka liggur ekki fyrir í gögnum málsins, né liggur fyrir staðfesting þess hvort eða hvenær upptakan hafi verið tekin út. Margrét Ragna bar fyrir dómi að hefði upptakan verið tekin út hefði málið ekki komið fyrir dóm. Linda Pó bar fyrir dómi að upptakan hefði verið fjarlægð í byrjun apríl 2024.

Þann 3. júlí 2024 gaf stefnandi út reikning á hendur stefnda að fjárhæð 679.148 krónur með virðisaukaskatti. Í lýsingu segir að um sé að ræða notkun á myndefni í 12 mánuði, 1.500 krónur pr. dag. Virðist óumdeilt að um sé að ræða þá upptöku sem að framan greinir. Með bréfi sem sent var af hálfu stefnda til stefnanda 20. ágúst 2024 var því hafnað að stefnda bæri að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð. Innheimtuviðvörðun var send út af hálfu lögmanns stefnanda 15. október 2024. Þeirri innheimtuviðvörðun var svarað af Samtökum verslunar og þjónustu þann 23. október 2024, þar sem ítrekuð var höfnun á greiðsluskyldu stefnda.

Ágreiningur málsins stendur samkvæmt framansögðu einkum um það um hvað hafi samist á milli Margrétar og Lindu þann 29. júní 2023, og hvort stefnda beri að greiða stefnanda umkrafinn reikning.

Undir rekstri málsins var stefnanda með úrskurði dómsins gert að leggja fram málskostnaðartryggingu að fjárhæð 1.200.000 krónur. Með úrskurði Landsréttar í máli nr. 308/2025 var sá úrskurður staðfestur.

Fyrirsvarsmenn stefnanda og stefnda gáfu aðilaskýrslu fyrir dómi. Þá gaf vitnaskýrslu fyrir dómi [C], vinkona Margrétar Rögnu.

### ***Helstu málsástæður og réttarheimildir stefnanda:***

Stefnandi vísar til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga er fáir m.a. lagastoð í 45., 47. og 51. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Stefnandi byggir enn fremur á meginreglum samninga- og verktakaréttar.

Stefnandi bendir á að krafan sé grundvölluð á ógreiddum reikningi nr. UBSN-1024, útgefnum af stefnanda á hendur stefnda 3. júlí 2024, vegna heimildarlausrar notkunar stefnda á myndefni tímabilið 1. júlí 2023 til 30. júní 2024. Vinnsla, gerð og notkun myndefnisins sé óumdeild, sbr. m.a. höfnunarbréf stefnda, dags. 20. ágúst 2024, en þar sé á því byggt að munnlegt samkomulag hafi verið milli stefnanda og stefnda um heimild til handa stefnda um endurgjaldslausu notkun efnisins. Stefnandi hafni alfarið að nokkurt slíkt munnlegt samkomulag hafi verið gert um notkunina, enda bendi önnur gögn málsins til þess að svo hafi ekki verið.

Stefnandi byggir á því að á stefnda hvíli sönnunarbyrði fyrir því að meint munnlegt samkomulag hafi verið til staðar. Engin slík sönnun liggja fyrir í málinu, eingöngu fullyrðing stefnda um tilvist slíks munnlegs samkomulags. Sérstaklega sé á það bent að stefndi hafi fyrst byggt á tilvist þessa meinta munnlega samkomulags í fyrrgreindu höfnunarbréfi stefnda frá 20. ágúst 2024.

Stefnandi bendir á að hafa enga greiðslu fengið fyrir notkun stefnda á efninu né hafi stefndi sinnt tilmælum stefnanda um að taka efnið úr birtingu. Fyrirsvarsmáður stefnanda hafi m.a. verið ósátt við birtingu myndefnisins þar sem hún taldi sig ekki vera tilhöfð með þeim hætti sem hún hefði kosið í efni sem ætlað hafi verið til birtingar á netinu. Stefndi hafi nýtt efnið án samþykkis stefnanda til sölu námskeiða á netinu og þannig fjárnýtt það sér til hagsbóta. Líkt og fyrr greini hafi engin samningur verið gerður við stefnanda um notkun efnisins né hafi verið samið um endurgjald. Stefnandi áskilji sér hæfilegt og sanngjarnt endurgjald fyrir notkun stefnda á efninu sem telja verði hóflegt.

Stefnandi byggir dráttarvaxtakröfu sína á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, með hliðsjón af 3. mgr. 5. gr. laganna. Útgáfudagur reikningsins sé 3. júlí 2024 og krafan um dráttarvexti af kröfunni sé frá 3. ágúst 2024. Um gjalddaga kröfunnar sé einkum vísað til meginreglu 49. gr. laga nr. 50/2000. Stefnandi krefst greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, sbr. ákvæði XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum með vísan til 130. gr. laganna.

***Helstu málsástæður og réttarheimildir stefnda:***

Stefndi byggir á því að stefnandi eigi enga lögmæta fjárkröfu á hendur honum vegna þátttöku Margrétar Rögnu Jónasardóttur eiganda stefnanda, í þættinum „LÍFIÐ MEÐ LINDU PÉ“, enda hafi hún samþykkt að koma þar fram.

Stefndi byggir á því að sýkna beri vegna aðildarskorts stefnanda. Vísað sé til tölvupósts Margrétar Rögnu til Lindu Pé 20. desember 2023. Þar sé Margrét Ragna ekki að krefjast greiðslu fyrir framkomu sína í þættinum heldur hafi hún viljað að mynd af henni yrði fjarlægð. Ástæðan virðist helst hafa verið sú að Margrét Ragna hafi þá ekki lengur haft frían aðgang að þáttunum. Stefnandi hafi síðan liðlega tólf mánuðum eftir framleiðslu þáttarins gefið út reikning vegna framkomu Margrétar Rögnu í þættinum.

Verði stefndi ekki sýknaður vegna aðildarskorts sé bent á að Margrét Ragna hafi verið ráðin sem verktaki til að annast förðun Lindu í tengslum við framleiðslu stefnda á þáttunum. Óumdeilt sé að stefndi hafi greitt stefnanda alla reikninga vegna þeirrar verktöku á árinu 2023. Þá sé óumdeilt að Margrét Ragna hafði aðgang að þáttunum á vefnum fram til desember 2023. Margrét Ragna vissi eða mátti vita að þátturinn sem hún kom stuttlega fram í hafði ekki bara verið sýndur einu sinni heldur yrði aðgengilegur í langan tíma. Ekki hefði það truflað Margréti Rögnu fyrr en þá í desember 2023 og þá af öðrum ástæðum, eins og glöggkomi fram í fyrrgreindu tölvubréfi hennar frá 20. desember 2023 til Lindu.

Í nefndum tölvupósti komi fram að Margrét Ragna samþykkti 29. júní 2023, án nokkurra skilyrða, að koma fram í þætti Lindu og án þess að áskilja sér sérstaka greiðslu fyrir og án þess að setja því nokkur mörk hve lengi sá þáttur mætti vera aðgengilegur viðskiptavinum stefnda á netinu. Stefnandi sé bundinn af þessum samningum með sama hætti og Margrét Ragna, sem stefnandi leiði rétt sinn frá. Af tölvupóstinum megi einnig ráða að Margrét Ragna, sem hafi verið meðvituð um þátttöku sína í upptökunni þegar í júní 2023, hafi ekki verið nægjanlega vel tilhöfð. Útlit og klæðnaður Margrétar Rögnu í þáttunum hafi verið á hennar ábyrgð en hvorki stefnda né annarra.

Með vísan til framangreinds sé á því byggt að stefndi hafi að fullu staðið við þá samninga sem gerðir hafi verið við Margréti Rögnu á árinu 2023. Hvorki Margrét Ragna né stefnandi eigi kröfur á hendur stefnda vegna þessa. Komist dómstóll að þeirri niðurstöðu að stefnda beri að greiða fyrir að þátturinn hafi verið aðgengilegur umfram einhver mörk sem eðlileg séu, þá verði að horfa til þess að Margrét Ragna hafi verið vel meðvituð um að þátturinn var aðgengilegur í desember 2023 þegar hún var að reyna að

fá framlengda fría áskrift sína að efni stefnda. Hvorki Margrét Ragna né stefnandi hafi hafið aðgerðir til innheimtu meintrar vangreiðslu vegna endursýningar og slíkt hafi ekki verið gert fyrir en með útgáfu reiknings með gjalddaga 3. júlí 2024, þ.e. liðlega tólf mánuðum eftir gerð þáttarins. Með þessu hafi Margrét Ragna sýnt af sér tómlæti sem leiði til þess að meint krafa hennar, sem og stefnanda, sé fallin niður.

Stefndi byggir á því að reikningur stefnanda, sem dómkrafan er byggð á, sé auk þess ekki byggður á neinni þekktri gjaldskrá um endursýningu og/eða endurbirtingu efnis í fjölmiðlum, og því í raun hreinn uppspuni gjaldþrota félags og staurblanks eiganda þess, svo notuð séu orð hans í tölvupósti til Lindu 20. desember 2023. Krafa stefnanda sé með öllu vanreifuð í stefnu og af því verði stefnandi að bera hallann. Því verði að sýkna stefnda af kröfunni. Engin rök hnigi til þess að dómstóll hjálpi stefnanda með þann vonlausa málatilbúnað sem í stefnunni birtist, svo sem með því að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum, svo að stefnandi geti bætt málatilbúnað sinn og byrjað upp á nýtt.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um sýknu vegna aðildarskorts, og reglum samninga- og kröfuréttar um að gerða samninga beri að halda. Þá sé byggt á reglum um að fjárkröfur verði að hafa stuðning í samningi eða verðskrá þegar svo hagar til eins og í máli þessu. Einnig sé byggt á reglum um tómlæti. Krafan um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndi vísi til þess að við ákvörðun málskostnaðar beri að taka tillit til þess að stefndi hafi þurft að flytja mál þetta í héraði og í Landsrétti vegna kröfu um málskostnaðartryggingu.

### ***Forsendur og niðurstaða:***

Líkt og getur nánar um í málsatvikum starfar fyrirvarsmaður stefnanda, Margrét Ragna, sem sminka og hefur oft sminkað Lindu Pé fyrir útsendingu þátta hennar. Fyrir þá þjónustu hefur stefnandi gefið út reikninga á hendur stefnda. Þegar Margrét var að veita Lindu þjónustu þann 29. júní 2023 var tekin umþrætt upptaka sem fjárkrafa stefnanda er grundvölluð á. Eins og rakið er í skýrslu fyrirvarsmanns stefnda hér á eftir þá átti upptakan að sýna störf Margrétar sem sminku og jafnframt að vera auglýsing fyrir starfsemi hennar. Með vísan til þess verður hafnað þeirri málsástæðu stefnda að sýkna beri hann á grundvelli aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í skýrslu Margrétar Rögnu, fyrirvarsmanns stefnanda fyrir dómi kom m.a. fram að hún hefði skilið samkomulag sitt við Lindu Pé þannig að upptakan af henni yrði í sólarhring inni á samfélagsmiðli, s.s. í story á Instagram. Ef hún hefði vitað að upptakan yrði kennslugagn, þ.e. hluti af prógrammi Lindu, hefði hún ekki samþykkt það, enda hefði hún bæði verið óundirbúin og ótilhöfð. Mögulega hafi þetta verið skýrt fyrir Lindu en ekki fyrir henni. Hvort sem um væri að ræða misskilning hennar eða ekki hafi Linda ekki staðið rétt að málum. Eftir að hafa óskað eftir því við Lindu að efnið yrði tekið út, en ekki hafi verið orðið við því, hafi hún gefið út reikning málsins, en fram að því hafi þetta aldrei snúist um peninga.

Í skýrslu Lindu Pé, fyrirvarsmanns stefnda fyrir dómi kom m.a. að þegar Margrét hefði verið að sminka hana 29. júní 2023, hefðu þær „spontant“ tekið ákvörðun um að taka upp efni með Margréti þar sem fram kæmi hvað allar konur ættu að vera með í snyrtiveski sínu. Um hafi verið að ræða upptöku fyrir prógramm hennar, þ.e. „LÍFIÐ MEÐ LINDU PÉ“ en ekki „streymi“ á samfélagsmiðli, og ekkert efni sem hún gæfi út á netinu „lifi“ í 24 klst. Um hefði verið að ræða sameiginlega ákvörðun þeirra, enda hefði Margrét á móti fengið kynningu á starfsemi sinni í þættinum og þar með aðgang að hennar viðskiptahóp. Þá hefði Margrét sjálf samþykkt kynningartexta með upptökunni sem og upplýsingar um hana ef konur vildu bóka tíma hjá henni.

Að því leyti sem ágreiningur stendur um það munnlega samkomulag sem komst á samkvæmt framangreindu á milli Margrétar og Lindu eru þær tvær til frásagnar. Ekki liggja fyrir nein samtímagögn í málinu og eingöngu er við tölvupósta að styðjast á milli þeirra frá desember 2023. Af þeim samskiptum verður ekki ráðið að upptakan hafi átt að birtast á öðrum vettvangi en í „prógrammi Lindu“, s.s. á einhverjum samfélagsmiðli eða í „streymi“ eins og borið var við af hálfu stefnanda við aðalmeðferð málsins.

Um framangreint er sérstaklega til þess að líta að Margrét getur þess í tölvupóstunum að hafa séð upptökuna á prógrammi Lindu sem hafi eingöngu átt að vera til útsendingar í eitt skipti. „Eðlilegt að semja um að setja inn hversu lengi þetta á að lifa inni í prógramminu.“ Verður því að hafna því sem byggt er á, að Margrét hafi með skýrum hætti tekið fram að myndefnið mætti ekki nota í þætti Lindu. Þá er ekki hægt að fallast á það sem fram kom af hálfu stefnanda við aðalmeðferð málsins að upptakan hafi aðeins átt að vera aðgengileg í 24 klst., þ.e. sólarhring. Fær sú fullyrðing enga stoð í gögnum málsins og er í mótsögn við þá málsástæðu stefnanda að ekkert munnlegt samþykki hafi verið gefið til notkunar á myndefninu í þætti Lindu.

Fjárfrafa stefnanda samkvæmt reikningi, útgefnum 3. júlí 2024, er byggð á því að um heimildarlausu notkun stefnda á fyrrgreindu myndefni hafa verið að ræða. Líkt og rakið hefur verið þá var munnlegt samkomulag á milli Margrétar og Lindu um að taka upp myndefnið. Ósannað er að myndefnið hafi átt að birtast á öðrum vettvangi en í þætti Lindu Pé, s.s. á einhverjum samfélagsmiðli. Ósannað er myndefnið hafi átt að vera í „streymi“, hafi bara átt að birtast einu sinni eða eingöngu átt að vera aðgengilegt í 24 klst. Með engum hætti liggur fyrir að stefnandi hafi átt að fá greitt fyrir upptökuna, og því hefur ekki verið mótmælt að upptakan hafi jafnframt verið hugsuð sem auglýsing fyrir þá þjónustu sem Margrét veitir í nafni stefnanda.

Fjárfrafa málsins virðist hafa verið sett fram eftir að snurða hafði hlaupið á þráðinn í vinskap Margrétar Rögnu og Lindu Pé. Upphaf þess ágreinings má rekja til fyrrgreindra tölvupósta frá desember 2023, og fjalla þeir ekki eingöngu um það málefni sem hér til meðferðar. Ef stefnandi taldi sig eiga fjárkröfu á hendur stefnda hefði honum borið eftir að setja kröfuna fram eftir að honum varð myndbirtingin sannanlega ljós, þ.e. í desember 2023. Stefnandi getur ekki látið hjá líða að bíða fram til júlí 2024 að setja fram fjárkröfu í nafni atvinnurekstrar hafi stefnda ekki áður mátt vera fjárkrafan ljós eins og hér stendur á. Ekkert liggur fyrir um hvernig það einingaverð sem krafan byggir á sé fengið, né liggur fyrir að myndefnið hafi verið aðgengilegt í þann dagafjölda sem krafist er, sem telja verður umdeilanlegt sé miðað við það sem fram kom í skýrslutökum fyrirsvaramanna aðila fyrir dómi.

Með vísan til alls framangreinds veður stefndi sýknaður af fjárkröfu stefnanda.

Samkvæmt niðurstöðu málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og í dómsorði greinir, sem er að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, LMLP slf., er sýkn af kröfu stefnanda, MANIU ehf.

Stefnandi greiði stefnda 1.116.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson